

Bráðabirgðaheimtaugar:

Málstærð	Stofngjald	Málstærð	Stofngjald
35 A einfasa	8.130 kr.	60 A 3 fasa	14.330 kr.
35 A 3ja fasa	11.680 kr.		

Tengigjald v/skammtímanotkunar	2.540 kr.
Tenging við Akraneshöfn	2.020 kr.

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum og reglum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1994 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 39, 28. janúar 1993.

Iðnaðarráðuneytið, 17. janúar 1994.

F. h. r.

Porkell Helgason.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

um línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

1. gr.

Frá og með 1. febrúar 1994 til og með 30. apríl 1994, eru allar togveiðar bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Stafnesvita. Að vestan markast svæðið af 23°42'V og að norðan af 64°20'N.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða víðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 481, 2. desember 1993, um sérstök línu- og netasvæði.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. janúar 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.